

# STJÓRNARTÍÐINDI B 74 — 1988

---

---

29. desember 1988

1391

Nr. 575

## BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1988:

**Vestur-Ísafjarðarsýsla:**

*Hraun III* á loðdýrabúi í landi Hrauns II, Mýrahreppi.

**Skagafjarðarsýsla:**

*Hátún II* á býli í landi Hátúns, Seyluhreppi.

*Geldingaholt II* á loðdýrabúi í landi Geldingaholts, Seyluhreppi.

**Eyjafjarðarsýsla:**

*Möðruvellir IV* á loðdýrabúi í landi Möðruvalla II, Arnarneshreppi.

**Suður-Múlasýsla:**

*Skuggahlíð II* á svínaræktarbýli í landi Skuggahlíðar, Norðfjarðarhreppi.

*Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1988.*

**Knútur Hallsson.**

*Runólfur Þórarinsson.*

29. desember 1988

Nr. 576

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 16. nóvember 1988, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 þá breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi í Hafnarfirði að í stað einbýlishúsa og raðhúsa við Setberg/Stuðlaberg verða parhús og raðhús og íbúðum fjölgar úr 18 í 40.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1988.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*